

landnr. 170781  
st.gr. 8721-5-45000180

pingvallavatn



Afstöðumynd mkv. 1:1000

## Byggingarlýsing:

Húsið er frístundahús í landi Skálbrekku Bláskógarbyggð Árnæssýslu lóð C, c og C1. Á lóðinni eru 4 matshlutar landnúmer lóðar er 170781 og staðgreinir er 8721-5-45000180. Sumarhús matshl. 01 byggt 1950, bátaskýli matshl. 02 byggt 1950 sjá endurbyggingarleyfi frá des. 2012, sumarhús matshl 03 byggt 1987 og geymsla matshl. 04 byggð 1960. Sumarhús matshl 03 er timburhús byggt á staurum. Gert er ráð fyrir að byggja við húsið skv. meðf. teikn. og lýsingu.

Í samræmi við 1. tölulið í ákvæðum til bráðabirgða í byggingarreglugerð nr. 112/2012 ásamt framlengingu til 15 apríl 2013, er viðbyggingin undanþegin ákvæðum 6. - 16. hluta gildandi byggingarreglugerðar. Gilda því ákvæði eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 um þá þætti sem um ræðir, að því leyti sem slíkt samræmist ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010.

**Núv. hús:**  
Núv. hús matshl. 03 er byggt úr timburgrind 50x100mm sem stendur á gólfbitum 50x150 og dregurum 50x200mm og sem hvíla á símastaurum staurum. Veggir eru einangraðir í grind, klæddir að utan vindpappa og láréttum panel. Þaksperrur eru 50x150 c/c 600, legtur 50x100mm eru þvers á sperrur og þar á borðaklæðning, undirlagspappi og bárujárn. Einangrað er á milli legta rakavörn að neðan og loftklæðning. Bátaskýli matshl. 02 er timburgrind gólf, veggir og þak. Skýlið er óeinangrað og klætt að utan með bárujárn. Geymsla matshl. 04 er timburgrind gólf, veggir og þak. geymslan er óeinangruð og klætt að utan með bárujárn.

### Viðbygging:

**Sökkjar:**  
Viðbygging er byggð á 2x50x225mm dregurum sem hvíla á Ø300mm staðsteyptum staurum.

**Gólf:**  
Þvers á dregara koma 50x150mm gólfbitar c/c600mm. Einangrað er á milli gólfbita með steinull. Að neðan er klætt með krossvið og músaneti. Ofan á bita kemur rakasperra og 20mm spónaplata.

**Veggir:**  
Útveggir eru byggðir upp úr 50x120mm grind c/c600mm. Einangrað er í grind með 120mm steinull. Vindþéttig og veggstífing að utan er 9mm krossviður, loftunarlístar og láréttur panell. Að innan er sett rakavarnarlag, rafmagnsgrind og panell.

**Gluggar:**  
Gluggar smíðast úr valinni furu með tvöföldu K einangrunargleri.


**Þak:**  
Þaksperrur eru 50x150mm fura c/c600mm. 25x150mm borðaklæðning, undirlagspappi og bárujárn (aluzink) þar á. 150mm þakull milli sperra með 25mm loftun fyrir ofan og rakasperru að neðan. 35x50mm rafmagnsgrind og 12mm furupanil.

**Lagnir:**  
Öll lagnakerfi hússins s.s. hiti, vatn, frárennsli, rafmagn og loftræsting eru gerð í samræmi við gildandi reglugerðir og vísast til teikninga verkfræðings. Hiti ler rafmagnsofna. Vatnslagnir lagðar með AL-PEX rörum í veggjum og ídráttarrörum. Frárennsli í jörð lagt með PVC rörum og PP rörum innanhúss. Raflagnir eru lagðar á hefðbundinn hátt í veggjum gólfi og lofti sbr. reglugerð um raflagnir. sjá teikn. raflagnahönnuðar.

**Lóð:**  
Á lóðinni eru bílastæði sbr. afstöðumynd og verandir úrtimbrí. Rotþró er fyrir hendi og er fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar við frágang hennar.

**Eldvarnir:**  
Í öllum herbergjum og geymslu skal komið fyrir reykskynjurum staðsettum í lofti. Slökkvitæki er staðsett í anddyri. Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum og eru þau hliðarhengd min. 600x1000mm.

Litaval húsa skal vera samræmt og gert í samráði við aðalhönnuði.



STÆRÐIR:		
matshl. 03		
Núv. sumarhús	43,7m <sup>2</sup>	131,6m <sup>3</sup>
Nýb. sumarhús	7,6m <sup>2</sup>	19,6m <sup>3</sup>
Samtals alls:	51,3m <sup>2</sup>	151,2m <sup>3</sup>
Verandir	41,0m <sup>2</sup>	

Breytingar dags.:	Skýringar
Verkeiti:	Sumarhús- Skálabrekka C, Bláskógarbyggð, Árnæssýslu
Verkþáttur:	Aðaluppdráttur Afstöðumynd, byggingalýsing og skráningart
Mkv.: 1:1000	Dags.: 10.03.2013
Útgáfa:	Breytt:
Hannað/ yfirf.: IGP	Teikn. nr.: 1

Undirritun:

**BYGGVIR ehf.**  
Hönnunar - og Tækniþjónusta  
Smíðjuvegi 11 200 Kópavogi  
Sími: 554 3523, gsm 897 3523, fax 554 3523  
netfang: igh@simnet.is  
Ingi Gunnar Þórðarson byggingafræðingur  
kt. 280453-3239